


GILDANDI AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030  
 PÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR M. 1:15000  
 STAÐFEST 19. 09. 2013.



BREYTING Á PÉTTBÝLISUPPDRÆTTI AÐALSKIPULAGS  
 APRÍL 2017

## GREINARGERÐ

### ALMENNT/ RÖKSTUÐNINGUR

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur ákveðið að breyta landnotkun á eystri hluta „Svæðis fyrir þjónustustofnanir (409-S)“ suðaustan gatnamóta Vesturlandsvegar og Skarhólabrautar í „Verslun og þjónusta (Vp)“.

Á vestari hluta svæðisins er nýbyggð slökkvistöð. Í heild er svæðið (409-S) 1,6 ha. Svæðið þar sem ákveðið er að breyta landnotkun er um 0,64 ha.

Landið er í eigu Mosfellsbæjar.

Þegar umrætt svæði fyrir þjónustustofnanir var skilgreint í aðalskipulagi, var horft til þess að þar mundi rísa slökkvi- og lögreglustöð. Gildandi deiliskipulag svæðisins gerir ráð fyrir þeirri starfsemi. Nú hefur verið fallið frá byggingu lögreglustöðvar og ekki er talin þörf fyrir allt svæðið undir þjónustustofnanir.

Hins vegar er þörf fyrir svæði fyrir „Verslun og þjónusta (Vp)“ og þá er einkum horft til snyrtilegar starfsemi sem hæfir staðsetningunni í grennd við íbúðarsvæði.

Aðkomu að svæðinu verður frá Skarhólabraut.

Ekki eru þekktar fornminjar á skipulagssvæðinu.

Hámarksýtingarhlutfall á fyrrhuguðu svæði (Vp) er skilgreint N= 0,7 en nánar verður gerð grein fyrir uppbyggingu í deiliskipulagi.

### UMHVERFISADSTÆÐUR

Austur og norður af svæðinu er íbúðabyggð (408-Íb), 8,0 ha, Hlíðartúnshverfi. Litið athafnasvæði (410AT/Íb), 0,8 ha blönduð byggð er við austurmörk skipulagssvæðisins. Skarhólabraut afmarkar svæði til suðvesturs. Landið er að meginhluta vannýtt tún og tilviljanakenndur trjágróður.

### SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRVÁ

Á árunum 2010 og 2011 vann Veðurstofa Íslands tillögu að hættumati vegna ofanflóða í Mosfellsbæ á vegum hættumatsnefndar sem skipuð var af umhverfisráðherra í febrúar 2010 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða. Hættumatið nær yfir núverandi þéttbýli í Mosfellsbæ og nálæg svæði þar sem þörf var talin á slíku mati vegna skipulagsáforma eins og þau birtast í gildandi aðal- og svæðisskipulagi.

### Helstu niðurstöður hættumats á skipulagssvæðinu:

Á A-svæði undir Úlfarsfelli eru tvö hús ætluð fyrir atvinnustarfsemi.  
 Á B-svæði undir Úlfarsfelli eru engar byggingar.

Austasti hluti skipulagssvæðisins sem hér um ræðir er á A-svæði.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 505/2000 er óheimilt að skipuleggja byggð á áður óbyggðum svæðum þar sem skilgreind hafa verið hættusvæði. Á hættusvæðum innan þegar byggðra svæða er hins vegar heimilt að að reisa sumar tegundir húsa án styrkinga. Hættumatsnefndin mælir þó ekki með að óstyrkt atvinnu- eða íbúðarsvæði verði reist á skilgreindum hættusvæðum meðfram Skarhólabraut nema að vel athuguðu máli.

### STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI 2011– 2030

Markmiðið með breytingunni er að nýta óráðstafað svæði austan slökkvistöðvar og bregðast þannig við eftirlspurn eftir lóðum fyrir verslun og þjónustu. Fyrirhuguð starfsemi mun auka fjölbreytni atvinnulífs í sveitarfélögum.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 um áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf í sátt við umhverfið og í samhengi við sérstöðu bæjarins.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Aðlæg svæði til norðurs eru Hlíðartúnshverfi, 408-Íb en 0,8 ha svæði með blandaða landnotkun 410-A/Íb er austan skipulagssvæðisins.

### ÁHRIFAMAT

Þar sem ekki er um að ræða framkvæmdir sem sem tilgreindar eru í viðaukum í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er aðalskipulagsbreytingin ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í deiliskipulagi svæðisins er óheimilt að staðsetja byggingar innan svæða undir náttúrvá (Svæða A og svæða-B), en hættusvæðin teygja sig inn á hluta skipulagssvæðisins.

Á skipulagssvæðinu eru hvorki verndarsvæði af nokru tagi né þekktar fornminjar. Ef engu að síður verður vart við fornminjar við framkvæmdir verður það umsvifalaust tilkynnt til Minjastofnunar Íslands. EKKI er talið að uppbygging á svæðinu, þ. e. tveggja hæða byggð þar sem skilgreint hámarksýtingarhlutfall verður N= 0,7 muni hafa neikvæð áhrif á byggðarmynstur eða yfirbragð byggðar.

Svæðið er ekki verömætt landbúnaðarland.

Örugg aðkoma er að svæðinu frá Skarhólabraut. Þótt ekki sé um stórt svæði og margar lóðir að ræða getur skipulagsbreytingin haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag í Mosfellsbæ.

### INTTAK SKIPULAGSBREYTINGA

#### Breytingar á uppdrætti

Svæði 409-S (1,6 ha svæði) er skipt upp í two landnotkunarreiti, 409-S (um 1,0 ha svæði fyrir þjónustustofnanir) og 409-Vp (um 0,6 ha svæði fyrir verslun og þjónustu).


#### Breytingar á greinargerð

Umfjöllun um svæði fyrir þjónustustofnanir í töflu á bls. 40 í greinargerð breytist og verður texti í viðeigandi línu eftirfarandi:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
409-S	0,96	Við Skarhólabraut	Slökkvistöð	Deiliskipulag liggur ekki fyrir

Umfjöllun um svæði fyrir Verslun og þjónustu er bætt við í töflu á bls. 41 í greinargerð og verður texti í viðeigandi línu eftirfarandi:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
418-Vp	0,64	Við Skarhólabraut	Snyrtileg starfsemi sem hæfir staðsetningunni í grennd við íbúðarsvæði	Deiliskipulag liggur ekki fyrir



AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆÐAR 2011-2030  
 HLUTI ÚR PÉTTBÝLISUPPDRÆTTI (ekki í kvarða)

### LANDNOTKUN:

Íb	ÍBÚÐARSVÆÐI
S	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
M	MIÐSVÆÐI
V Vp	VERSLUÐAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
A	ATHAFNASVÆÐI
O	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
Ó	ÓBYGGÐ SVÆÐI
VÖTN, ÁR OG SJÓR	VÖTN, ÁR OG SJÓR

### SAMGÖNGUR

—	STOFNBRAUT
—	TENGIBRAUT
—	ADRIR VEGIR (Til skýringar)
●	MISLÆG VEGAMÓT
○	GÖNGUBRÚ/UNDIRGÖNG
- - -	ADALSTÍGAR
- - -	ADALÚTIVISTARSTÍGAR
- - -	REIÐSTÍGAR
—	MÖRK PÉTTBÝLIS
—	HÆTTUMATSLÍNA A
A	HÆTTUMATSLÍNA B

### ANNAÐ

—	MÖRK PÉTTBÝLIS
—	HÆTTUMATSLÍNA A
A	HÆTTUMATSLÍNA B

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 18.10. 2017

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 2.11. 2017.

Jónas Þórðarson



Okf. Brynjólfur Harðarson

Verk:16-327

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJONSSON  
OG FÉLAGAR ehf.

arkitektar fai

SKÓLAVÖRFEBRÚSTIG 3  
101 REYKJAVÍK  
SÍMI 552 8740  
NETFANG: telkna@teikna.is  
DAGS: 2017-03-20